

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 145. löggjafarþings, frá 8. júní 2016 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. ágúst 2016.

*Gjört á Bessastöðum, 8. júní 2016.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Ingi Jóhannsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 8. júní 2016 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 145. löggjafarþings, frestað hinn 8. júní 2016.

*Forsætisráðuneytinu, 8. júní 2016.*

F. h. r.  
**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnheiður Jónsdóttir.*